

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 147/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),  
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1301 frá 31. mars 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/1226 að því er varðar upplýsingarnar sem á að leggja fram í samræmi við STS-tilkynningarskylduna fyrir gerviverðbréfun í efnahagsreikningi <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 31bke (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1226) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 1301:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1301 frá 31. mars 2022 (Stjtið. ESB L 197, 26.7.2022, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1301, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2024 frá 12. júní 2024 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 197, 26.7.2022, bls. 10.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.